

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að gönguþverun verði á hliðargötu Nauthólsvegur á milli flugturns og flugstjórnarmiðstöðvar ISAVIA við Reykjavíkflugvöll og verði merkt sem gangbraut. Sjá meðfylgjandi mynd í fylgiskjali.  
Skilyrði er að gangbrautin verði merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að bannað verði að leggja ökutækjum við vesturkant Miðbakka austan við Geirsgötu 11. Sjá meðfylgjandi uppdrátt í fylgiskjali.  
Skilyrði er að stöðubannið verði merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 19. desember 2019.*


**Hulda Elsa Björgvinsdóttir** staðgengill lögreglustjóra.

**Fylgiskjal.**

**Mynd með tölulið 1 í auglýsingu.**



**Mynd með tölulið 2 í auglýsingu.**



B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2020